

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Aðalsteins Guðnasonar, í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 12. marz 1956.

Nr. 30/1956. Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda v/b Sigurðar Stefánssonar

gegn

Ingólfi G. S. Esphólin.

Dómendur:

hæstaréttardómarmennir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. f. m., er barst Hæstarétti 27. s. m. Hann krefst þess, að gagnsök í aðalmálinu verði vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Er varnaraðili höfðaði gagnsök í héraði, hafði aðalmálið velkt fyrir héraðsdómi nærfellt tvö ár. Samkvæmt meginreglum laga nr. 85/1936 um greiða málsmeðferð og ákvæðum þeirra laga um fresti, sbr. 2. mgr. 70. gr., 110. gr. og 111. gr., þykir varnaraðili að svo vöxnu máli eigi mega koma gagnsökinni fram. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

D ó m s o r ð :

Gagnsök í héraði í máli sóknaraðilja, Sæmundar Ólafssonar f. h. eigenda b/v Sigurðar Stefánssonar, gegn varnaraðilja, Ingólfi G. S. Espóhlín, er vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 23. f. m., hefur Sæmundur útgerðarmaður Ólafsson á Bíldudal f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar s. st. höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. október 1953, gegn Ingólfi G. S. Espóhlín forstjóra, Héðinshöfða, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 72.916.35, með 6% ársvöxtum frá 9. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Með stefnu, út gefinni 19. september 1955, hefur hann höfðað gagnsök og gert þær kröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 72.916.35 með 6% ársvöxtum frá 15. október 1953 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Krefst gagnstefnandi þess, að gagnkröfunni verði skuldajafnað við kröfur aðalsakar, að því leyti sem þær síðarnefndu kunna að teljast réttar, en sjálfstæðs dóms krefst hann um mismuninn.

Gagnstefndi hefur aðallega krafizt þess, að gagnsökinni verði vísað frá dómi, en til vara krefst hann algerrar sýknu. Málskostnaðar að mati dómsins krefst hann, hvernig sem málið fer.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á yfirlitsreikningi frá Frystihúsinu á Bíldudal um viðskipti m/b Sigurðar Stefánssonar til 9. júní 1953, en reikningur þessi sýnir inneign bátsins, að fjárhæð kr. 122.916.35. Áður en mál þetta var höfðað, greiddi aðalstefndi kr. 50.000.00, en málið er höfðað til heimtu á mismuninum.

Krafa aðalstefnda um sýknu var byggð á gagnkröfum, er hann taldi sig eiga á hendur eigendum m/b Sigurðar Stefánssonar og Sæmundi Ólafssyni. Allar sömu kröfurnar hefur hann uppi í gagnsökinni, ýmist til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms. Kröfurnar eru þessar:

1. Fyrir geymslu á beitu, loðnu og síld árið 1953	kr.	4.842.00
2. Fyrir geymslu á beitu árið 1952	—	4.500.00
3. Fyrir frystingu á kolkrabba til 19/10 1953 ..	—	892.00
4. Helmingur tveggja fjárhæða, greiddra vegna Sæmundar Ólafssonar	—	32.074.58
5. Helmingur af skuld Sæmundar Ólafssonar vegna gjaldeyrisfríðinda	—	24.801.00
6. Hluti af skuld Sæmundar Ólafssonar fyrir hráefni í fiskimjöl	—	5.806.77

Alls kr. 72.916.35

Málið var flutt, að því er varðar frávísunarkröfu gagnstefnda, og tekið til dóms eða úrskurðar 23. f. m.

Gagnstefndi byggir kröfu sína um frávísun gagnsakar á því, að hún sé höfðuð of löngum tíma eftir þingfestingu aðalsakar. Telur hann, að ákvæði 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85 frá 1936 leiði til frávísunar gagnsakar, þar eð drátturinn á höfðun hennar stafi eingöngu af vanrækslu gagnstefnanda að þessu leyti.

Gagnstefnandi hefur eindregið mótmælt frávísunarkröfunni. Bendir hann á það, að í 49. gr. laga nr. 85 frá 1936 séu engir frestir settir um höfðun gagnsakar, á meðan aðalsök er rekin fyrir dómi, og telur, að fyrrnefnd ákvæði 70. gr. sömu laga eigi aðeins við um höfðun framhaldssakar (eða framhaldsgagnsakar).

Einkamálalögin geyma engin almenn ákvæði um það, hversu fljótt eftir þingfestingu aðalsakar beri að höfða gagnsök, þar sem sjálfstæðs dóms er krafist um gagnkröfu. Framangreind rök gagnstefnda leiða því ekki til frávísunar gagnsakar, og þar eð ekki eru í ljós leidd önnur rök, er styðja frávísunarkröfu hans, verður hún ekki tekin til greina.

Ákvörðun um málskostnað verður látin bíða efnisdóms í málinu. Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Framangreind krafa um vísun gagnsakar frá dómi verður ekki tekin til greina.
